LISTASAFN REYKJAVÍKUR – ÁSMUNDARSAFN

6.2.-2.5. 2004

# Píramídarnir







**Ásdís Sif Gunnarsdóttir**
6.2.-29.2. 2004

**Erling Þ.V. Klingenberg**
5.3.-28.3. 2004

**Guðný Guðmundsdóttir**
7.4.-2.5. 2004










**Ásdís Sif Gunnarsdóttir**
Fædd:1976, Madison, Wisconson.

Nám: Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, Myndlistarbraut. 1992-1997 / School of Visual Arts. BFA, Fine Arts, New York. 1997-2000 / UCLA, New Genres. MA Fine Arts, Los Angeles. 2001-2004

Ég vissi ekki að maður þyrfti að fara í hönnunarskóla til þess að vera myndlistarmaður eða vera svona lógiskur í hugsun.
Erum við ekki orðin bara skíthrædd?
Það er eins og að listamenn hafi gleymt að þeir eru frjálsir. Það er enginn að borga þeim fyrir að vera það sem þeir eru og þeir geta gert hvað sem þeir vilja, sagt hvað sem þeir vilja.
Af hverju erum við hætt að tala. Vitum við svona lítið eða er okkur alveg sama, eða erum við hvort eð er löngu búin að missa þetta út úr höndunum, er þetta kanski löngu komið út í fatahönnun, arkitektúr, hönnun og bíómyndir. Hvað er þessi list. Hvar er þessi pottur sem að okkur finnst svo gott að geta farið inn í.
Það er enginn sem segir að þú þurfir að kunna að byggja vegg til að varpa videoinu þínu á. Það er ekki betra þótt það sé hornrétt.
Við þurfum ekki að vera lógisk í hugsun
Við erum frjáls
Það er enginn sem segir að þú þurfir að vanda þig.
List er guts.
List er ekki tíska.
List er ekkert endilega mjög fyndin.
Hvar er innri þörfin?
Að maður þurfi að klára verk fyrir sýningu?
Af hverju eru myndlistarmenn hættir að tala?
Við höfum ekki áhuga á að vera skrifstofulistamenn
List er ekki bara tækni.
Við þurfum ekki að læra á Photoshop eða Final cut pro.
List er ekki „annað hvort eða".
List þrífst ekki í hræðslu, sérstaklega ekki í hræðslu við hvað öðrum finnst.
Guð hjálpi okkur frá minimalisma
Guð hjálpi okkur frá minimalisma
Myndlist skiptist ekki í tvennt, ljótt og fallegt.
Við þurfum ekki að vita fyrir fram hvað við erum að fara að gera, við getum fundið það á okkur.
Við erum ekki hrædd.
Við erum ekki hætt að tala
Það er ekki til neinn sem að segir að verk eigi að vera annað hvort eða, vel eða illa gert „fara alla leið".
Marcel Duchamp gerði okkur aldrei greiða. Hann gerði myndlist.
Við sköpum okkar eigin tækifæri..
Við vitum af hverju við erum hér.
Við þekkjum innri þörf, Við erum ekki að þessu af því að okkur dettur ekkert annað í hug.
Við megum gera það sem við viljum, segja það sem við viljum
List þrífst ekki í að „komast áfram".
Sumir myndlistarmenn sýna á þriggja ára fresti og vinna í einrúmi þangað til.

I didn't know you had to go to a Design school to be an Artist, or that you had to be so logical in your thinking.
Aren't we just afraid?
It's as if Artists have forgotten they are free. Nobody is paying them for being who they are and they can do what they want, say what they want.
Why have we stopped talking? Do we know so little, or do we not care, or did we lose our grip a long time ago anyway; has this expression long ago transformed into fashion design, architecture, design and movies? What is Art? Where is this hot pot that we relish soaking in so much?
Nobody said that you need to be able to build a wall in order to project your video. It isn't any better even if it is right-angled.
We do not have to be so logical in our thinking.
We are free
Nobody says that you have to be so careful.
Art is guts.
Art is not fashion.
Art is not necessarily very funny.
Where is the Inner Need?
Having to finish a work before an exhibition?
Why have artists quit speaking?
We are not interested in being office artists.
Art isn't just technique.
We do not have to learn how to use Photo Shop or Final Cut Pro.
Art does not have to be "Either-Or".
Art does not thrive in fear. Particularly not fear of what other think.
God save us from minimalism.
God save us from minimalism.
Art can not be divided into "Ugly" and "Beautiful".
We do not have to know in advance what we're going to do, we can trust our instincts.
We are not afraid.
We have not quit speaking up
There isn't anyone who says that a work has to be either-or, well done or not, "go all the way".
Marcel Duchamp never did us a favour. He did art.
We create our own opportunities..
We know why we are here.
We recognise our Inner need, we're not just doing this because we can not think of anything else to do
We can do what we want, say what we want.
Art doesn't thrive on "getting ahead".
Some artists exhibit every three years and work in private in between.

***AAAAAAA*** **Videovarp ljósmyndir lýstar upp með kertaljósakrónu**
***AAAAAAA*** **Video projection from the chapter photographs from Video stills**

***Dans*** **Ljosmynd 50 x 40 cm**
***Dance*** **Photograph 50 x 40 cm**

***Fleur de nuit*** **Ljósmyndir, kyrrmyndir úr myndbandi, lýstar upp með kertaljósakrónu.**
***Fleur de nuit*** **Photographs, stills from the video, lit up by candlelight chandelier.**

***Að fanga sólargeislana*** **Ljósmynd, 30 x 40 cm.**
***Catching the sun*** **Photograph, 30 x 40 cm.**

***Hjálpaðu mér að finna þig*** **Videovarp**
***Help me find you*** **Video projection from the chapter**

***Fleur de nuit*** **Ljósmynd. 90 x 75 cm**
***Fleur de nuit*** **Photograph. 90 x 75 cm**













**Erling Þ.V. Klingenberg**
Fæddur í Reykjavík 1970

Menntun: Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, Listasvið, Reykjavík, Ísland. 1987 – 1991 / Myndlista- og handíðaskóli Íslands, Reykjavík, Ísland. 1991 - 1994 / Fachhochschule fur Bildende Kunst Kiel, Kiel, Þýskaland. 1992 - 1993 / Hochschule für Bildende Kunste, Frankfurt am Main, Þýskaland. 1994 - 1995 / Nova Scotia College of Art & Design, Masters gráða (MFA degree), Halifax, Nova Scotia, KANADA. 1995 - 1997

„Hvað er safnið lokað? Er verið að flytja eitthvert listaverkið eða koma með það?"
eru spurningar sem skrifstofufólkið, bankastarfsmennirnir, ljóðskáldin og listamennirnir spyrja sig fyrir utan Ásmundarsafn á leið sinni inn á sýningu Erlings Þ.V. Klingenberg í Píramídunum. Fyrir utan safnið stendur sendibíll með opnar afturhurðirnar í átt að inngangi safnsins. Inni í bílnum blasir við tómt rými sendibílsins, en einmitt það rými er umhverfið í myndbandi Erlings. Þar sést listamaðurinn í baráttu sinni við aðdráttaraflið með grímu sem blindar hann. Kastast listamaðurinn til í flutningsrými sendibílsins á fleygiferð í erfiðri leit sinni að jafnvægi, með rétta ásjónu og þreifingar á yfirborðinu sem sínar einu viðmiðanir.

Fyrir framan myndbandið stóð bronsafsteypa af leirklumpi á stöpli. "Á bronsskúlptúrnum er að finna fingraför og svart gat. Við gægjumst inn í gatið á yfirborðinu, því það er bannað að snerta og finnum fyrir nærveru óendanlegrar uppsprettu, brunn sem verður svartari og dýpri því lengur sem við liggjum á gægjum."

Annað verk sem ekki felur í sér minna aðdráttarafl en hin verkin, brunnurinn inni í miðjum vegg, sem á hangir gríman úr myndbandinu, afsteypa af andliti listamannsins. Hér geta listunnendur svalað sér á opnunarvíninu sem lekur endalaust úr munni listamannsins í boði Listasafns Reykjavíkur. Í vímu með grímu geta þeir sem vilja vera listamenn orðið einstaklingarnir ég, listamaðurinn, - "ef ég verð nógu mikið ég þá yrði ég þú eða ef þú verður nógu mikið ég þá verður þú þú" og fjöldaframleiðsla einstaklingseðlisins fer í gang.

"Enginn ætti að vera hissa á því, að á þessari sýningu sem Erling Þ.V. Klingenberg er skrifaður fyrir, sé aldrei að vita hvort hér sé einstaklingur á ferð. Er alveg víst að Erling sé sjálfur á bak við grímuna? Hér gæti eins verið um konu að ræða sem Erling hefur ráðið til að brölta í bílnum. Það væri þá kannski réttast að spyrja þessa konu hvort holan í bronsinu hafi eitthvað með raunverulegan tittling Erling Þ.V. Klingenberg að gera; samkvæmt reglunni ef þú er nógu mikið þú, þá verður þú ég. Það er erfitt að vera einstaklingur og í seinni tíð, jafnvel enn erfiðara fyrir listamenn en hina því þeir skynja ekki dýpt vandans fyrr en þeir hætta í bankanum" á sjónum, í búðinni eða á skrifstofunni.

"What, is the gallery closed? Is some piece of art being brought in or moved out?"
These are questions that office workers, bank employees, poets and artists ask themselves outside the Ásmundarsafn gallery on their way to the exhibition by Erling Þ.V. Klingenberg in The Pyramids. A van is parked outside the gallery with its rear doors open and facing the gallery. Inside the vehicle we see its empty belly, which is precisely the setting of Erling's video being shown inside the gallery. There we see the artist fighting the law of gravity, wearing a mask that blinds him. He is tossed this way, inside the van that is moving at breakneck speed, struggling with all his might to find balance, with the correct face and surface fumbling as his only frame of reference.

In front of the video is a bronze casting showing a lump of clay on a pillar. "On the bronze sculpture there are fingerprints and a black hole. We look into the hole on the surface, a well that becomes blacker and deeper the longer we keep looking."

Another work that attracts just as much as the others is the well inside a wall, on which hangs the mask from the video, a mould of the artist's face. Here art aficionados can partake of the wine from the opening, running endlessly out of the artists' mouth, courtesy of the Reykjavík Art Museum. Inebriated with a mask, those who want to become artists can become the individuals "I", the artist, - "if I were enough I, I would become you or if you are enough me then you'll be you," and the mass production
of individuality is underway.

"It should come as no surprise that you just never know if there is an individual behind this exhibition attributed to Erling Þ. V. Klingenberg. Is that definitely Erling himself behind the mask? It might just as easily be a woman that Erling has hired to tumble about in the van. If so, it might be appropriate to ask this woman whether the hole in the bronze actually has something to do with Erling Þ. V. Klingenberg's penis, as in, 'If you're enough you, you'll be me'. It's hard to be an individual and in this day and age, even harder for artists than others because other people don't sense the depth of the problem until they quit the bank" ... or the sea or the shop or the office.

**Vín lekur úr munni latex grímunnar, afsteypa af andliti listamannsins.**
**Wine runs endlessly out of the mouth of the mask, a mould of the artist's face.**

**Veggur með vínbrunni. Trefjaplast, latexgríma, vín, dæla.**
**Wall with a wine well. Fiberglass, latex mask, wine, water pump.**

**Bronsafsteypa af leirklump á stöpli. Brons, tré.**
**Bronze cast showing a lump of clay on a pillar. Bronze, wood.**

**Kyrrmyndir úr myndbandi.**
**Stills from the video.**













**Guðný Guðmundsdóttir**
Fædd 1970 í Reykjavík

Nám: Fjölbrautaskólinn í Breiðholti. Listasvið. 1986 – 90 / Myndlista- og handíðaskóli Íslands. 1990 – 93 / Hochschule für bildende Künste, Hamburg. 1995 – 01

Í byrjun velti ég fyrir mér hvernig hlutir verða til og hvernig myndlist verður til. Hvað hefur gerst áður en verkið er tilbúið. Hvernig verkfæri voru notuð. Hvað var oft mælt? Hvernig? Svona hugsanir höfðu áhrif á það sem ég bjó til.
Hver er munurinn á vinnuborðinu og hlutnum sem verður til á því?

Seinna kom spurningin: Hvað er mikils virði?

VINNA ER MIKILS VIRÐI.

Aukinn – efnahagslegur - ávinningur – er – mikils – virði.
Afkoma – atvinnuveganna – og – uppspretta – auðs... er mikils virði.
Hefur kolagrafa táknrænt gildi? Ef ég stilli upp minni afurð við hliðina á afurð frystitogara eða olíuborpalls, hver er þá munurinn? Hver er ímynd eða tákn velmegunar? Á hún að vera sýnileg? Eins og fáni? Hvað á að skipta um skjaldarmerki á margra ára fresti.? Hvenær er dreki orðinn úreltur?

Á tímabili teiknaði ég skautadanspör án afláts. Svo hætti ég því.

Það er hægt að læra mikið af Coco Chanel. Hún sagði að tíska færi úr tísku á því andartaki sem hún kæmi fram á sjónarsviðið. Þess vegna gerði ég tvær styttur af henni sem eru á sýningunni.

Það er ljóst að allt eyðileggst á endanum. Það skiptir ekki máli hvað það ferðaðist stolt og nýtt um á færibandinu á leið úr vinnslu og út í heiminn... Einhverntíma hlaut að koma að því að það kæmu brestir í glerið, svo brotnaði það alveg. Lakkið fór að kvarnast af og svo kom ryð í sárið. Að lokum leggur hluturinn endanlega upp laupana. Hann er kominn úr tísku og það er sem betur fer hægt að rýma fyrir nýjum vörum.

In the beginning I thought about how things are created and how art is created. What has happened before an object is ready? What sorts of tools were used? How were measurements taken? And how often? These sorts of questions had an effect on what I made.
What is the difference between the drawing board and the things created on it?

Later came the question: What is important?

WORK IS IMPORTANT

Increased – economic – gain – is – important.
The – profits – of – trade – sectors – and – the – sources – of – wealth ... are important.
Is a giant coal-drilling rig symbolic? If I place my product beside the product of a freezer trawler or an oil rig, what is the difference? What is the image, or symbol, of prosperity? Should it be visible? Like a flag? How often, should a coat of arms be renewed?
When does a dragon become obsolete?

At one time I drew figure skating couples constantly. Then I stopped.

A lot can be learned from Coco Chanel. She said that fashion went out of fashion the moment it appeared on the scene. That's why I made two statues of her that are included in the exhibition.

It is clear that everything is destroyed in the end. It does not matter how it travelled, proud and new, on the conveyor belt from production and into the world.... At one time or another cracks were bound to form in the glass, and then it broke. The varnish started to peel off and rust formed in the wound. In the end, the object ends its days. It is out of fashion now and fortunately it is possible to clear the way for new things.

***Gangvirki* 149 x 200 x 190 cm. Blönduð tækni.**
***Mechanism* 149 x 200 x 190 cm. Mixed media.**

***Tækniteikning* 212 x 150 cm. Blýantur og túss.**
***A Technical Drawing* 212 x 150 cm. Pencil and ink.**

***Coco II og svartur maður á bláu klæði* 26 x 21 x 10 cm. Brenndur leir og plastglæra.**
***Coco II and a black man on a blue cloth* 26 x 21 x 10 cm. Burned clay and a plastic foil.**

## Inngangur

Ásmundarsafn við Sigtún hefur um áratuga skeið verið einn af föstum punktum í menningarlandslagi Reykjavíkurborgar. Húsið er helgað verkum listamannsins Ásmundar Sveinssonar sem byggði húsið eigin höndum, bjó þar ásamt fjölskyldu sinni og vann þar mörg sín eftirminnilegustu verk, sem nú prýða safnið og garðinn umhverfis það.

Ásmundur var ætíð áhugamaður um samtímalist og það sem ungt listafólk var að fást við á hverjum tíma, og því er það mjög í hans anda að öðru listafólki hefur verið boðið að sýna verk sín tímabundið í safninu samhliða verkum hans. Á síðasta vetri var þremur listamönnum boðið að skapa innsetningar í einu rými safnsins, kúlunni. Þetta tókst afar vel, og því hefur verið ákveðið að halda áfram slíkum verkefnum, að þessu sinni í nýju rými og var Hekla Dögg Jónsdóttir myndlistamaður valin til þess að stýra þessum sýningum.

Eiríkur Þorláksson
forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur

## Píramídarnir

Leiðarljós mitt við val á listamönnunum í sýningarröðina Píramídarnir var að sýna verk einstaklinga sem hafa unnið þétt og markvisst að myndlist í nokkur ár. Þessir listamenn hafa öll, þrátt fyrir tiltölulega ungan aldur, þróað með sér sinn eigin stíl eða leiðir. Þau eru vakandi fyrir því óvænta í eigin fari og líka viljug til að taka áhættu í verkum sínum. Það var mér sömuleiðis mikilvægt að þessi þrenning spannaði vítt svið í myndrænni tjáningu og gæfi gott sýnishorn af þeim alþjóðlegu straumum sem leika um huga og hendur íslenskra myndlistarmanna. Þau koma úr mismunandi áttum og hafa drukkið í sig alls kyns áhrif sem tímabært er að sýna og setja í íslenskt samhengi. Það er mér mikil ánægja að fá tækifæri til að kynna þessa fjölbreyttu og kraftmiklu þrenningu fyrir listunnendum.

Ásdís Sif Gunnarsdóttir notar gjarnan sjálfa sig sem viðfangsefni til þess að fjalla um tilveru og tilfinningalíf manneskjunnar. Hún leitar óhikað í birtubrunn og rómantískt andrúmsloft frönsku impressjónistanna sem hún blandar saman við goðsögulegar birtingarmyndir kvenlíkamans. Ásdís birtist berskjölduð í verkunum og sýnir okkur mismunandi ástand tilfinninga sinna með ýmsum stellingum líkamans í ólíkum birtuskilyrðum. Erling Þ.V. Klingenberg er sjálfur heldur aldrei langt undan í verkum sínum þegar hann vinnur með listasöguna, sem form hlutlægrar framsetningar og huglægra ímynda. Vinnubrögð hans sveiflast á milli ögrunar og einlægni um leið og hann hleypir áleitnum tilfinningum inn í verk sín, á sama tíma setur Erling hugmyndina um listamanninn í óvænt og glettnislegt samhengi. Í verkum sínum reynir Guðný Guðmundsdóttir á skynjun áhorfandans um leið og persónulegur minningaheimur hennar læðist fram í dagsljósið. Hún heldur tryggð við klassíska hefð sem umbreytist í meðförum hennar þegar hún síar út mismunandi söguleg minni og fyrir vikið skapast mjög sérkennileg ljóðræna í verkum hennar. Hún er klassísk og öguð en líka svífandi súrrealísk. Öll eiga þau Ásdís Sif, Erling og Guðný það sameiginlegt að ögra og teygja sig út fyrir gefnar forsendur myndlistarinnar og samtímis út fyrir meðvitaðan ramma eigin sköpunar

Hekla Dögg Jónsdóttir, sýningarstjóri

## Introduction

The Ásmundur Sveinsson Sculpture Museum has for decades been one of the cornerstones in the cultural landscape of the city of Reykjavík. The building is dedicated to exhibiting the works of the artist who built the house, lived there with his family and created many of his most memorable works there, which now adorn the Museum and the small park around it.

Ásmundur Sveinsson was always very interested in contemporary art and what young artists were working on at any give time, and it is very much in his spirit that other artists have been invited to exhibit temporarily in the Museum, together with his works. Last winter three artists were invited to create their own installations in one of the spaces of the Museum, the Dome. Following the success of this project it has been decided to continue with such exhibitions, this time in a different space. Curator for the exhibitions is artist Hekla Dögg Jónsdóttir.

Eiríkur Þorláksson
Director of Reykjavík Art Museum

## The Pyramids

For The Pyramids series, I wanted to exhibit the works of individuals who have been working strongly and systematically at their art for several years. Despite their relatively young age, these artists have all developed their own styles or ways of working. They are alert to the unexpected in their own selves and prepared to take risks in their work. These three Artists span a wide area in visual expression and to showcase coming from different directions and having absorbed all sorts of international influences that it is time to exhibit and place into an Icelandic context. I am very pleased to have the opportunity to introduce this diverse and energetic artists to art lovers.

Ásdís Sif Gunnarsdóttir likes to use herself as a subject in studying human existence and emotions. Without hesitation she dips into the well of light and the romantic atmosphere of the French impressionists, which she mixes together with mythical revelations of the female body. Ásdís appears completely vulnerable in her work and shows us the different states of her emotions through the various positions of the body in varying forms of light. Erling Þ.V. Klingenberg appears often in his work when he uses art history as a form of objective presentation and subjective images. His working methods fluctuate between the challenging and the sincere, while allowing obtrusive emotions to enter his work. Erling puts the concept of artist into an unexpected and humorous context. In her work, Guðný Guðmundsdóttir tests the viewers' senses while her personal world of memories peers into the daylight. She stays true to classical tradition, which is transformed when she sifts out various historical motifs, resulting in a very particular form of lyricism in her work. It is classical and disciplined, but also wildly surreal. What Ásdís Sif, Erling and Guðný have in common is the ability to challenge the given foundations of visual art and stretch beyond them, while at the same time stretching beyond the conscious framework of their own creativity.

Hekla Dögg Jónsdóttir, Curator.

Myndir eru teknar af Högna Sigurþórssyni, Sigurði Guðjónssyni, Inger Helene Bóasson og Xavier Fajarnes

GUTENBERG 22874